



Skólareglur Grunnskólans Hellu


Afleiðingar - ekki refsingar.
Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni.
Nemendur fá tækifæri til að bæta hegðun sína
og/eða ástundun.

Grunnskólinn Hellu


Útskálum 6 - 8 sími 488 7020 grhella@grhella.is <http://grhella.is/>



- Nemendur og starfsmenn sýna hverjir öðrum virðingu, kurteisi og tillitssemi.
Skólinn er vinnustaður þar sem öllum á að líða vel.
- Nemendum ber að hlíta fyrir mælum starfsmanna skólans.
Við biðjumst afsökunar ef við brjótum þessa reglu.
- Nemendum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.
Við bönkum á dyr og biðjumst afsökunar ef við komum of seint.
- Nemendur fara úr útiskóm, yfirhöfnum og taka af sér húfur áður en farið er í kennslustund og mötuneyti. Þeir ganga vel og snyrtilega um húsnæði skólans og eiga hans, s.s. bækur, kennsluáhöld og húsgögn.
Við göngum vel um og göngum frá eftir okkur.
- Nemendur geyma hverskonar hjól/farartæki sem þeir koma á í skólann á skilgreindu svæði utandyra. Notkun þeirra, línuskauta, hjólabretta og hlaupahjóla er óheimil á skólatíma.
Skemmdir á slíkum farartækjum eru ekki á ábyrgð skólans.
- Nemendur hafa með sér þau gögn sem til þarf í skólann, s.s. bækur, námsgögn og leikfimi-/sundföt. Þeir stundi nám sitt af kostgæfni og virði rétt annarra til að hafa góðan vinnufrið í bekknum.
Við stefnum á virkni í kennslustundum og virðingu fyrir náunganum, þannig stuðlum við að meiri vellíðan í skólanum.




- Föstudagsnesti og/eða annað nesti sem nemandi kýs að koma með í skólann skal vera hollt. Sætindi, gosdrykkir og önnur óhollusta er ekki leyfileg á skólatíma nema um annað sé samið. *Við stuðlum að hollustu og lýðheilsu allra í skólanum.*
- Nemendum er óheimilt að fara út af skólalóðinni á skólatíma. *Á skólatíma eru nemendur á ábyrgð skólans og því mikilvægt að enginn yfirgefi skólann án þess að biðja um leyfi.*
- Nemendum er óheimilt að nota farsíma eða tónhlöður (ipod, Mp3) á skólatíma. (sjá símareglur) *Taki nemendur slík tæki með sér í skólann eru þau ekki á ábyrgð skólans.*
- Reykingar, rafrettur, tóbak og notkun hvers kyns vímuefna er bönnuð í skólanum, á skólalóð og hvar sem nemendur eru á vegum skólans. *Tafarlaust er haft samband við foreldra/forráðamenn ef slíkt kemur upp.*



Viðauki og verklagsreglur varðandi skólasókn..

- Grunnskólanemendur eru skólaskyldir samkvæmt lögum um grunnskóla nr.91/2008. Á foreldrum hvílir sú skylda að börn sæki skóla.
- Foreldrar eða forráðamenn skulu tilkynna forföll fyrir kl. 8:10 í skólann og daglega meðan á veikindum stendur.
- Leyfi til lengri tíma en tveggja daga þarf að sækja um skriflega til skólans með a.m.k. viku fyrirvara. (eyðublað til útprentunar)
- Nemendum ber að hlíta fyrirmælum starfsfólks skólans í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkini. Sjá 41.gr.grunnskólalaga nr. 66/1995, um réttindi og skyldur nemenda.
- Verði nemandi uppvís að því að valda vísvitandi skemmdum á munum skólans skal hann eða foreldrar/forráðamenn hans bæta skaðann að fullu.
- Ef nemandi veldur verulegri truflun í kennslustund og fullreynt er að hann lætur ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa honum í annað úrræði í samráði við
- skólastjórnendur. Kennarinn sem vísar nemanda úr tíma hefur samband við umsjónarkennara og þeir koma sér saman um hvernig skal staðið að því að tilkynna atvikið. **Það skal áréttáð að brottvikning úr kennslustund er neyðarúrræði.**



Leiðbeiningar til kennara varðandi skráningu á skólasókn nemenda og viðbrögð við brotum á skólareglum.

- Ef nemandi mætir eftir að mætingarskráningu er lokið telst hann hafa komið of seint í tíma
- Ef nemandi mætir þegar kennslustund er hálfnuð telst hann hafa verið fjarverandi.
- Kennari hefur samband við ritara varðandi þá sem eru ekki mættir og kannar hvort tilkynnt hafa verið forföll. Ef ekkert hefur verið tilkynnt er hringt heim og spurst fyrir um nemandann.
- Kennarar á yngsta- og miðstigi eiga að yfirfara skólasókn í Mentor vikulega og skrá inn ef eitthvað vantar.
- Kennarar á unglíngastigi eiga að skrá skólasókn í Mentor ekki sjaldnar en einu sinni í viku og daglega ef nemandi mætir illa.



Leiðbeiningar til kennara varðandi skráningu á skólasókn nemenda og viðbrögð við brotum á skólareglum.

- Ef nemandi mætir eftir að mætingarskráningu er lokið telst hann hafa komið of seint í tíma
 - Ef nemandi mætir þegar kennslustund er hálfnuð telst hann hafa verið fjarverandi.
 - Kennari hefur samband við ritara varðandi þá sem eru ekki mættir og kannar hvort tilkynnt hafa verið föföll. Ef ekkert hefur verið tilkynnt er hringt heim og spurst fyrir um nemandann.
 - Kennarar á yngsta- og miðstigi eiga að yfirfara skólasókn í Mentor vikulega og skrá inn ef eitthvað vantar.
 - Kennarar á unglíngastigi eiga að skrá skólasókn í Mentor ekki sjaldnar en einu sinni í viku og daglega ef nemandi mætir illa.
-
- ❖ 1.stig. Stöðva brotið. Talar við nemanda. Tekur á málinu strax. Hver sem kemur að málinu. Tilkynnir samdægurs um brotið til umsjónarkennara. Hver sem kemur að málinu/ umsjónarkennari. Skráð í mentor. Umsjónarkennari. Umsjónarkennari. Skólastjórar/deildarstjóri.
 - Talar við nemandann eins fljótt og hægt er. Hringir heim til foreldra.
 - ❖ 2.stig. Ræðir við nemanda.
 - ❖ 3.stig. Ítrekuð brot. Foreldrar kallaðir í viðtal (með/án nem.), með umsjónarkennara og skólastjórnanda. Umsjónarkennari boðar. Umsjónarkennari vísar málinu þangað með skriflegri greinargerð.
 - ❖ 4.stig. Málið tekið fyrir á fundi nemendaverndarráðs.



Ástundun og skólasókn

Nemendur byrja með einkunina 10. Meðfylgjandi eru atriði sem sýna hvað kemur til lækkunar á

ástundunareinkunn.

Seint 0,2 í frádrátt.

Án námsgagna 0,2 í frádrátt

Ólærður 0,2 í frádrátt

Fjarvist 0,5 í frádrátt.

Vísað úr tíma 1,0 í frádrátt.

Eftirfylgni

Umsjónarkennari upplýsir nemendur um stöðu mála á mánaðarfresti.

Einkunn 8,5 - ræðir umsjónarkennari við nemanda.

Einkunn 7,5 – námsráðgjafi ræðir við nemanda í samráði við umsjónarkennara og foreldra.


Einkunn 6,0 - foreldrar boðaðir á fund með umsjónarkennara, námsráðgjafa og skólastjóra.

Einkunn 5,0 - vísað til nemendaverndarráðs með skriflegri greinargerð.

Veikindi/leyfi

Það er á ábyrgð forráðamanna að tilkynna veikindi fyrir hvern dag sem barnið er frá skóla.

Eftir 5 daga veikindi í röð fara skólayfirvöld fram á læknisvottorð.



Hækkun ástundunareinkunnar

Nemendur geta sótt um hækkun ástundunareinkunnar einu sinni í mánuði. Það er gert á þar til gerðu eyðublaði sem skilað er til umsjónarkennara.

Hafi nemendur hreint borð í tvær vikur eftir að hann sækir um þá hækkar einkunnin um 1,0.

Skólinn getur kallað eftir læknisvottorði ef þurfa þykir.

Óeðlilega miklum fjarvistum nemenda frá skóla er vísað til nemendarverndarráðs.

Til prentunar:

[Hækkun ástundunareinkunnar: eyðublað](https://www.grhella.is/static/files/Stefnur/haekkun-astundunareinkunnar.pdf)

<https://www.grhella.is/static/files/Stefnur/haekkun-astundunareinkunnar.pdf>

[Beiðni um leyfi fyrir nemanda: eyðublað](https://www.grhella.is/static/files/Stefnur/beidni-um-leyfi-fyrir-nemendur.pdf)

<https://www.grhella.is/static/files/Stefnur/beidni-um-leyfi-fyrir-nemendur.pdf>

Skólareglur þessar voru samþykktar á fundi skólaráðs þann 9.apríl 2018 og á starfsmannafundi 3. apríl 2018, þær taka gildi 23. ágúst 2018 og verða kynntar starfsfólki, nemendum og foreldrum í ágúst – september 2018.



Hækkun ástundunareinkunnar

Nemandi getur sótt um hækkun ástundunareinkunnar til umsjónarkennara einu sinni í mánuði. Einkunnin hækkar um 1,0 fyrir hverjar tvær vikur hafi ekki verið skráð neitt til frádráttar hjá viðkomandi. Þetta skal gert í samráði við foreldra.

Undirrituð – nemandi og foreldri – sækja hér með um hækkun ástundunareinkunnar.

Dagsetning _____

undirskrift nemanda

undirskrift foreldris

Undirskrift umsjónarkennara



Grúnskólinn Hellu

Útskálum 6 - 8 sími 488 7020 grhella@grhella.is <http://grhella.is/>

Beiðni um leyfi fyrir nemanda

Hér með óskar undirritað foreldri / forráðamaður eftir leyfi fyrir:

Nafn nemanda _____

_____ bekkur

Tímabilið: _____ til og með _____

Ástæða leyfisbeiðnar er:

Litið er á leyfi umfram 2 skóladaga sem tímabundna undanþágu frá skóla.

Foreldri / forráðamaður er ábyrgur fyrir námi nemanda meðan á leyfi stendur.

Dagssetning og undirskrift foreldris / forráðamanns

Afgreiðsla skólans og undirskrift